

# Eystrahorn

21. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 6. júní 2019

www.eystrahorn.is

## Er gott að eldast? – staða eldri borgara í nútíð og framtíð



Félag eldri Hornfirðinga og Sveitarfélagið Hornafjörður stóðu að málþinginu „Er gott að eldast? – staða eldri borgara í nútíð og framtíð“ þann 22. maí síðastliðinn í Nýheimum.

Í fyrri hluta málþingsins fengu gestir innsýn í stöðuna eins og hún er í dag hvað varðar þjónustu sveitarfélagsins við eldri borgara og hvað Félag eldri Hornfirðinga býður upp á í félagsstarfi sínu. Fjallað var um Heilsueflandi samfélag með sérstakri áherslu á þá þætti er snúa að eldri kynslóðinni. Fyrirlesarar voru beðnir að gefa bæði sýn á hvað er í boði í dag og líka hver framtíðarsýn þeirra er. Fengu gestir m.a. kynningu frá starfshópi innan sveitarfélagsins sem hefur það verkefni, að koma með tillögur að því hvernig megi samþætta félagslega

Fjölmargir sóttu málþingið, sem þótti vel heppnað. heimaþjónustu og heimahjúkrun og tillögur þeirra um hvernig hægt er að gera þjónustuna enn betri. Markmiðið er, að það starf færist úr Sjálfstæðishúsinu við Víkurbraut 24 á haustmánuðum. Um miðbik málþingsins fengu húsnæðismálin sérstaka umfjöllun. Bæjarstjóri kynnti drög að húsnæðisstefnu sveitarfélagsins og í farvatninu væri könnun á húsnæðisþörf 50 ára+ í sveitarfélaginu. Bæjarstjóri fræddi einnig um stöðuna í hönnunarsamkeppninni um nýtt hjúkrunarheimili. Búmenn komu síðan í kjölfarið og sögðu frá sínu starfi.

Síðasti hluti málþingsins var helgaður góðum gestum. Fyrst var veitt innsýn í velferðartæknina og möguleika hennar og var þar margt fróðlegt og nýstárlegt að fræðast um. Ásdís Skúladóttir fulltrúi Gráa



Matthildur Ásmundardóttir stjórnaði málþinginu

hersins sagði síðan frá baráttu þeirra fyrir bættum kjörum og tekjum eldri borgara og sömuleiðis sinni eigin sýn byggða á hennar viðamiklu reynslu af málaflokknum. Dagbjört Höskuldsdóttir ritari Landssambands eldri borgara kom fyrir þeirra hönd og lokaði málþinginu með orðum um sýn landssambandsins á stöðu eldri borgara bæði í nútíð og framtíðar.

Málþingið var fjölsótt og gerður góður rómur að efni þess og framsetningu. Gestir þáðu mat og kaffi í Nýheimum og um leið og þeir nutu þess náðu þeir að spjalla um efnistöð erinda. Gleðigjafar kór eldri borgara, undir stjórn Guðlaugar Hestnes við undirleik Gunnars Ásgeirssonar, söng nokkur lög í hádeginu við góðar undirtektir gesta. Málþingsstjóri var Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri og fórst henni það vel úr hendi.

Það er von okkar sem að þinginu stóðu að það hafi bæði svarað spurningum gesta og veitt upplýsingar um stöðu mála í dag og gefið innlit í hvað framtíðin ber í skauti sér. Rétt er að nota það sem eftir stendur að loknu málþinginu til frekari athugunar og úrvinnslu. Góðar kveðjur og þakkar bæði til gesta sem sóttu þingið og þeirra sem erindi fluttu!

*Guðrún Dadda Ásmundardóttir  
framkv.stj. Heilbrigðisstofnunar  
Suðurlands á Hornafirði.*

*Haukur Helgi Þorvaldsson  
formaður Félags eldri Hornfirðinga.*



Gleðigjafar, kór eldri borgara tóku lagið fyrir gesti

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)

**FERMINGAR Á  
HVÍTASUNNUDAG**

Bjarnaneskirkja kl. 11:00 - eitt barn fermt

Hafnarkirkja kl. 13:00 - tvö börn fermd

Stafafellskirkja kl. 15:00 - eitt barn fermt

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðunni  
<http://www.bjarnanesprestakall.is>

Allir velkomnir

Á *fermingardaginn*

Prestarnir í  
Bjarnanesprestakalli

## Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir FM2019 verða haldin að Fornustekjum helgina 8. - 9. júní.

Dagskrá hefst kl. 14:00 á laugardeginum og er keppt í eftirfarandi flokkum í réttri röð:

- Ungmennaflokkur
- Unglingaflokkur
- Barnaflokkur B-flokkur, (úrtaka + forkeppni)
- A-flokkur, (úrtaka + forkeppni)
- Tölt, T3

Að vanda verður farið ríðandi í Skógey um kvöldið að móti loknu, eftir að menn hafa snætt dýrindis súpu í Stekkhól, eða um kl. 20:00

Á sunnudeginum hefst dagskrá kl. 13:00 og verða dagskrárlíðir eftirfarandi:

- Mótið sett
- Pollaflokkur
- Ungmennaflokkur, úrslit
- Unglingaflokkur, úrslit
- Barnaflokkur, úrslit
- B-flokkur, úrslit (+áhugamannaflokkur)
- A-flokkur, úrslit (+áhugamannaflokkur)
- Tölt, T3
- Unghross
- 100 m fljúgandi skeið
- 350 m stökk

Skráningar eru á vefsíðunni: [sportfengur.com](http://sportfengur.com) (Nánari leiðbeiningar á [Facebook/Hestamannafélagið](https://www.facebook.com/Hestamannafelagid)).

Skráningagjald er kr. 4000,- en frítt fyrir keppendur í barna- og pollaflokki.

Ath. greiða verður skráningargjald og senda kvittun á netfang: [janine@javet.is](mailto:janine@javet.is) svo skráning verði gild.

**Skráningarfrestur rennur út 6. júní. kl. 16:00.**

*Til þess að geta tekið þátt í móti þessu þurfa menn að vera búinir að borga félagsgjöldin.*

## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)

Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes

Úmbrot: ..... Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Könnun um útivist og vistvænar samgöngur

Veist þú um bestu hjólaleiðina og hvernig má bæta hana?

Lumar þú á hugmynd fyrir útivistarsvæðin okkar?

Taktu þátt í íbúakönnuninni á [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) og hafðu áhrif!

**Könnunin er opin til 10. júní nk.**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

### Aðalfundur 3. framboðsins

Aðalfundur 3. framboðsins  
verður haldinn í  
Golfskálanum á Höfn,  
**sunnudaginn 16. júní**  
**klukkan 20:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Hittumst sem flest og ræðum  
málin sem brenna á okkur.

*Stjórnin*



### Ferðafélag Austur-Skaftfellinga Gönguvika: Ekki lúra of lengi!



*Eins og við vitum þá eru margir sem nota tækifærið þegar frídagur leggst upp að helgi til að bregða sér af bæ. Margir verða að heiman um hvítasunnuhelgina og eins má búast við að margir munu bregða undir sig betri fætinum helgina á eftir þegar 17.júní er á mánudegi.*

*Ferðanefnd hefur ákveðið að fresta gönguvikunni um tvær vikur: Gönguvikan Ekki lúra of lengi verður dagana 20.-23.júní*

**20.júní Gengið fyrir Horn**, lagt af stað frá tjaldsvæði á Höfn kl.17:00. Erfiðleikastuðull:

**21.júní Hafradalur í Nesjum**, lagt af stað frá tjaldsvæði á Höfn kl.17:00. Erfiðleikastuðull:

**22.júní Morsárdalur – Kjós**, lagt af stað frá Gestastofu í Skaftafelli kl. 9:00. Vegalengdin er 29,8 km og tekur um 10-11 klst. Erfiðleikastuðull:

Skráning í þá göngu er hjá Sigrúnu: [sigrun@vjp.is](mailto:sigrun@vjp.is)

**23.júní Múlagljúfur í Örafum**, lagt af stað frá tjaldsvæði á Höfn kl. 10:00. Erfiðleikastuðull:

*Ath. Þeir sem vilja slást í hópinn en hentar ekki að leggja af stað frá umræddum brottfararstöðum geta haft samband við Sigrúnu í s.864-5456 til að fá nánari upplýsingar.*

*Ferðanefndin vonar að þessi breyting á skipulagi muni falla í góðan jarðveg og vonast til að sjá sem flesta í göngum.*

Þátttökugjald í göngu er kr.1.000 fyrir einstaklinga, 1.500 fyrir hjón og frítt fyrir 16 ára og yngri.



# Annarlok Fræðslunetsins

Í vor lauk þremur íslenskunámskeiðum ásamt einu námskeiði í símenntun fatlaðs fólks sem Fræðslunetið stóð að. Tveir hópar á Höfn, samtals 28 nemendur, luku íslensku 2 og 11 nemendur luku íslensku 4 en Hlíf Gylfadóttir sá um kennsluna. Í Örafum luku 12 nemendur íslensku 2 en Margrét Gauja Magnúsdóttir og Magnhildur Björk Gísladóttir skiptu kennslunni þar á milli sín. Stefnt er á að bjóða upp á íslensku 1 og 3 á Höfn í haust og íslensku 3 í Örafum.

Boðið var upp á sex vikna námskeið í stóla jóga í símenntun fatlaðs fólks en sex tóku þátt og luku því námskeiði undir leiðsögn Ástu Sigfúsdóttur.

Þrjú luku raunfærnimati í matartækni og fengu niðurstöður úr matinu afhentar í útskrift Fræðslunetsins 31. maí síðastliðinn. Raunfærnimat snýst um að veita fólki tækifæri til að fá hæfni sína metna til framhaldsskólaeininga og er viðurkenning á því að nám geti farið fram annars staðar en í formlega skólakerfinu en þeir sem hafa unnið árum saman í sama eða svipuðum störfum



Partur af íslenskuhópnum úr Örafum ásamt kennurum

hafa orðið sér úti um mikla þekkingu.

Einn nemandi útskrifaðist úr Skrifstofuskólanum, sem er nám t.d. ætlað þeim sem vinna við almenn skrifstofustörf eða hafa hug á því að skipta um starfsvettvang eða vera meira sjálfbjarga í eigin atvinnurekstri. Skrifstofuskólinn er 240 kennslustunda nám og eru helstu námsþættir sjálfstyrking, námstækni, tölvu- og upplýsingatækni, verslunarreikningur, bókhald og tölvubókhald.



Útskriftarhópurinn voríð 2019



**Frumherji**  
Bifreiðaskoðun á Höfn  
18., 19. og 20. júní.

Tímamantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. júní.  
Næsta skoðun 15., 16. og 17. júlí.

**Frumherji**

*Þegar vel er skoðað*

**FÓTAADGERÐ OG  
LITUN Á AUGNAHÁR OG BRÚNIR**

Verð á Höfn í Sporthöllinn frá  
12. júní til 14. júní

**Pantanir í síma 8 200 593**

Kær kveðja, Edda Lára Guðgeirsdóttir  
lögg. fótaaðgerðafraeðingur



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna tillögu að  
aðalskipulagsbreytingu Jökulsárlón á  
Breiðamerkursandi verður haldinn fimmtudaginn 6.  
júní kl. 12:00.

Kynningarfundur vegna lýsingar á  
aðalskipulagsbreytingu Þétting byggðar í innbæ  
verður haldinn föstudaginn 7. júní kl. 12:00.

Báðir fundir verða haldnir í Ráðhúsi sveitarfélagsins  
að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

*Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## ÚTBOÐ

**Skóla- og frístundaakstur 2019 – 2023**

Ríkiskaup fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
óskar eftir tilboðum í skólaakstur í sveitarfélaginu  
fyrir nemendur í leik- grunn- og framhaldsskóla ásamt  
tómstundaakstri.

**Skilafrestur tilboða er til 2. júlí n.k.**

Nánari upplýsingar og útboðsgögn má nálgast á vef  
Ríkiskaupa á slóðinni: <http://utbodsvefur.is/skolaakstur-fyrir-hornafjord/>



## Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

### Stuðningsfulltrúi við Grunnskóla Hornafjarðar

Auglýst er eftir umsóknum í starf stuðningsfulltrúa við Grunnskóla Hornafjarðar sem getur hafið störf 14. ágúst. Umsækjendur verða að eiga auðvelt með samskipt við börn og unglinga, vera lausnamiðaðir og jákvæðir.

Starf stuðningsfulltrúa er 80 – 95 % starf og felst ýmist í einstaklingsaðstoð, aðstoð við nemendur í tímum og aðstoð í frímínútum. Auk þess sinnir stuðningsfulltrúi á yngsta stigi gæslu í Kátakoti. Vinnutími er frá 8:00-16:00.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní.** Umsóknum skal skilað skriflega til skólastjóra á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er á heimasíðu skólans. <http://gs.hornafjordur.is/skolinn/starfsmenn/laus-storf/>

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskrar sveitarfélaga við AFL Starfsgreinafélag.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri í síma 899-5609 og á netfanginu [thorgunnur@hornafjordur.is](mailto:thorgunnur@hornafjordur.is).



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



### Umsjónarmaður fasteigna og tækja á suðursvæði

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir starf umsjónarmanns fasteigna og tækja á suðursvæði laust til umsóknar. Um er að ræða fullt starf og heyrir staðan undir þjóðgarðsvörð suðursvæðis. Meginstarfsstöð er í Skaftafelli en einnig er um að ræða verkefni á öðrum svæðum þjóðgarðsins á suðursvæði, s.s. á Jökulsárlóni og Höfn.

Starfið er krefjandi, fjölbreytt og krefst útsjónarsemi. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2019. Starfshlutfall er 100%.

Nánari upplýsingar og umsóknarform má finna á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is) en einnig hjá:

Helga Árnadóttir - [helga@vjp.is](mailto:helga@vjp.is) - 4708331  
Ragnheiður Björgvinsdóttir - [ragnheidur@vjp.is](mailto:ragnheidur@vjp.is) - 8303055

### Rúlluplast Tenospin | 750mm x 25µm x 1500m

| Litur         | Listaverð án vsk. | Magn á bretti |
|---------------|-------------------|---------------|
| Hvítt / Grænt | 10.490 kr         | 15            |
| Svart         | 10.130 kr         | 15            |

### Rúlluplast Tenospin | 750mm x 21µm x 1900m

| Litur                 | Listaverð án vsk. | Magn á bretti |
|-----------------------|-------------------|---------------|
| Bleikt / Blátt / Gult | 10.490 kr         | 15            |

### Undirplast, net og garn

| Litur                          | Stærð         | Listaverð án vsk. |
|--------------------------------|---------------|-------------------|
| Westfalia net                  | 123 x 3000 m  | 22.110 kr         |
| Westfalia net                  | 130 x 3000 m  | 23.110 kr         |
| TrioBale Compressor undirplast | 1400 x 1750 m | 23.205 kr         |
| Cobra Miljö rúllugarn          | 600 m/kg      | 3.000 kr          |
| Cobra Wire stórbaggagarn       | 2.665 m/rúllu | 8.200 kr          |

Verð eru gefin upp með fyrirvara um prentvillur



**Frír akstur á plasti til bænda ef pantað er fyrir 15. júní 2019**

### Sláturfélag Suðurlands svf

Sölumaður: Bjarni Hákonarson | S: 478-1920 / 894-0666 | [bjarniha@yara.is](mailto:bjarniha@yara.is)

